

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. júlí 2024

Mál nr. E-4078/2023:

## Sýn hf.

(Tómas Jónsson lögmaður)

## gegn

## Jóni Einari Eysteinssyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 2024, var höfðað 25. maí 2023 af Sýn hf. Suðurlandsbraut 4, Reykjavík gegn Jóni Einari Eysteinssyni, [...].
- Endanlegar kröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa allt frá 16. desember 2021, gegn betri vitund, brotið gegn höfundarrétti sóknaraðila með því að selja ótilgreindum fjölda fólks, meðal annars í gegnum vefsíðuna [...], aðgang að læstri dagskrá sjónvarpsstöðva og streymisveitu sóknaraðila gegn gjaldi. Þá er þess krafist að bótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna framangreindrar háttsemi verði viðurkennd. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi hans.
- Mál þetta var flutt um kröfu stefnda um frávísun og um mögulega frávísun þess án kröfu 21. nóvember 2023 og tekið til úrskurðar um það efni að því loknu. Með úrskurði dómsins 18. desember 2023 var málinu vísað frá dómi. Með úrskurði Landsréttar 6. febrúar 2024 í máli nr. 1/2024 var nefndur úrskurður héraðsdóms felldur út gildi að því er varðar frávísun á framangreindum kröfum sóknaraðila og lagt fyrir dóminn að taka þær kröfur til efnismeðferðar.
- Málið var flutt um efniságreining málsaðila 27. júní sl. og dómtekið að því loknu. Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi skýrslu sem og vitnið A.

### *Helstu málsatvik*

6. Aðdragandi máls þessa er sá að athygli stefnanda var vakin á því í febrúar 2023 að stefndi veitti viðskiptavinum sínum aðgang að sjónvarpsstöðvum og streymisveitu stefnanda, sem seldur er í læstri áskrift. Kom sú ábending frá einstaklingi sem kvaðst hafa keypt búnað af stefnda sem gerði honum mögulegt að horfa á læst dagskrárefni stefnanda. Fyrir það hefði hann greitt stefnanda 37.000 krónur, en búnaðurinn hefði ekki virkað sem skyldi og því hefði hann krafist stefnda um endurgreiðslu. Það hefði ekki gengið og því hefði hann haft samband við stefnanda.
7. Stefnandi kannaði málið frekar og aflaði gagna um þessa starfsemi stefnda, þar á meðal auglýsingar hans á Facebook, þar sem bauð áskrift að netsjónvarpi, þar með talið allar íslenskar sjónvarpsstöðvar og aðstoð við að setja slíkt upp fyrir 150 evra ársáskrift. Þessar auglýsingar mátti finna innan ýmissa hópa og á spjallþráðum samskiptamiðilsins. Stefnandi taldi þessa háttsemi stefnda hafa orðið til þess að mikill fjöldi fólks hefði fengið aðgang að sjónvarpsdagsskrá, sem stefnandi sendir út í læstri dagskrá og selur aðgang að, án þess að stefnandi hefði fengið greiðslu fyrir. Stefndi á hinn bóginn tæki gjald fyrir að veita hinn ólögmeta aðgang en greiddi ekkert til stefnanda. Með bréfi, dags. 24. mars 2023, var skorað á stefnda að láta af háttsemi sinni og loka fyrir ólöglegan aðgang viðskiptavina sinna en ella sæta málssókn. Ekki tókst að birta bréfið fyrir stefnda, sem var sagður fluttur til Spánar en ekki vitað hvert. Stefnandi kveðst hafa fengið upplýsingar um netfang stefnda og sent bréfið á það netfang 7. maí s.l., en engin svör hafi fengist við því bréfi. Þar sem stefndi hafi ekki látið af framangreindri háttsemi sé því málssókn þessi nauðsynleg.

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

8. Kröfu sína um að stefnda verði gerð refsing byggir stefnandi á því að sú háttsemi stefnda að selja ólögmetan og heimildarlausan aðgang að útsendingum sjónvarpsstöðva og streymisveitu stefnanda teljist án nokkurs vafa vera ólögmet og sagnæm dreifing á höfundarvörðu efni skv. ákvæðum höfundalaga.
9. Samkvæmt 2. gr. laganna hafi höfundur verks einkarétt á að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum, en verk teljist birt þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, sbr. 3. gr. sömu laga.

10. Samkvæmt 46. gr. laganna sé eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum óheimil án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá því að frumupptaka var framkvæmd. Þá er birting á sjónvarpi útvarpsstofnunar í atvinnuskyni eða ávinnings óheimil skv. 3. tl. 1. mgr. 48. gr. sömu laga.
11. Stefnandi hafi tryggt sér sýningar- og dreifingarrétt að öllu efni sem hann sendir út með samningum við viðkomandi rétthafa og kostað miklu fjármagni til. Sá réttur njóti verndar höfundalaga skv. framansögðu. Sú háttsemi stefnda að selja ólögsmætan og heimildarlausan aðgang og áskrift að þessu efni, og halda úti markaðsstarfsemi í því skyni að selja slíkan ólögsmætan og heimildarlausan aðgang að efninu, teljist án nokkurs vafa vera ólögsmæt og saknæm dreifing á höfundarvörðu efni, m.a. samkvæmt ákvæðum höfundalaga, og brot á réttindum stefnanda.
12. Einsýnt sé að brot stefnda hafi verið framin af ásetningi, eins og öll málsatvik sýni, en augljóst virðist að hann kæri sig kollóttan um réttindi þeirra sem eiga þau verk sem hann selur aðgang að. Hefur stefndi þar með brotið með refsiverðum hætti gegn ákvæðum höfundalaga, sbr. ákvæði 54. gr. laganna, en brotin varða sektum eða fangelsi í allt að tvö ár. Þar sem brotavilji stefnda hafi verið einbeittur beri að virða það honum til refsilyngingar.
13. Kröfu sína um að viðurkennd verði bótaskylda stefnda vegna framangreindrar háttsemi byggir stefnandi á því að augljóst sé að framangreind ólögsmæt og saknæm háttsemi stefnda hafi valdið stefnanda fjártjóni. Af gögnum málsins megi ráða að starfsemi stefnda hafi verið umfangsmikil og megi varlega áætla að hann hafi selt ólögsmætan aðgang að sjónvarpsrásum stefnanda til margra hundraða eða þúsunda kaupenda og hagnast að sama skapi.
14. Stefnandi kveður áskrift að sjónvarpsrásinni Stöð2 kosta mánaðarlega 8.990 krónur en ef bætt er við öðrum stöðvum stefnanda geti áskrift kostað allt að 22.960 krónur mánaðarlega. Ef miðað er við meðaltalstölur megi varlega áætla að hagnaður stefnda hafi numið tugum milljóna króna. Stefnandi hafi orðið af þeim sömu tekjum en hann hafi ekki látið meta tjón sitt. Í ljósi þess sé aðeins krafist viðurkenningar á bótaskyldu stefnda á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og byggist sú krafa öðru fremur á almennu skaðabótareglunni.

*Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

15. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefndi hafi verið Íslendingum á Alicante-svæðinu innan handar með uppsetningu á sjónvarpslyklum og tengingu, þar sem hann aðstoði við að tengja sjónvarpslykla við sjónvarpstæki fólks, en þegar viðkomandi lykill er keyptur fylgi viðkomandi áskriftarpakki í eitt ár eða jafnvel lengri tíma með í kaupunum. Það sé síðan í hendi viðkomandi einstaklinga að kaupa sér víðtækari aðgang eða að framlengja hann. Þjónusta stefnda, sem hann auglýsti á [...], hafi falist í því að hann lagði út fyrir slíkum sjónvarpslyklum með áskriftum frá þeim þjónustuaðilum sem selja slíka áskriftarpakka og uppsetningu lyklanna hjá fólki. Fyrir þetta hafi stefndi fengið greidda lítils háttar þóknun.
16. Stefndi hafi útvegað fólki sjónvarpslykla sem geri það mögulegt að tengja sjónvarpsveiturnar IPTV [...] og [...] við sjónvarpstækin. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að þessar sjónvarpsveitur, sem ekkert tengist stefnda, standi ekki skil á höfundarréttargreiðslum til þeirra sjónvarpsstöðva sem þeir selja áskriftir að. Sé það tilfellið þurfi stefnandi að beina spjótum sínum að þeim veitum, en ekki stefnda. Kröfu um sýknu af refsikröfu stefnanda byggir stefndi á því að hann hafi sannarlega ekki brotið gegn höfundarréttarvörðum hagsmunum stefnanda eða ákvæðum höfundalaga; alltént séu slík brot með öllu ósönnuð.
17. Í samræmi við kröfu um sýknu af refsikröfu stefnanda krefst stefndi sýknu af kröfu um viðurkenningu bótaskyldu. Ekki hafi verið um ólögmdæta háttsemi að ræða af hálfu stefnda og því hvorki um refsiviðurlög né bótaskyldu að ræða.

*Framburður stefnda og vitnis fyrir dómi.*

18. Í skýrslu stefnda fyrir dómi kom fram að hann hefði flust út til Spánar árið 2019 og þá komist að því að hann gæti ekki horft á ákveðið sjónvarpsefni frá Íslandi. Hann hefði komist að því að til væri ákveðið smáforrit (app), VPN (virtual private networking), sem mætti kaupa og setja á lykil eða sjónvarpsbox (TV box) sem svo væri tengt við sjónvarpstæki. Með því gæti hann *sagt* sjónvarpstækinu að það væri statt á Íslandi og þannig komist í alla dagskrá RÚV, sarpinn og svo framvegis. Þetta hefði svo spurst út og hann aðstoðað fólk við þetta og hefði svo sjálfur látið vita af því að hann gæti verið fólki innan handar með þetta, t.d. á Facebook.
19. Stefndi kvaðst margsinnis hafa keypt slíka lykla, með uppsettri streymisveitu. Þess háttar lykla mætti kaupa víða á Spáni, t.d. í verslunarmiðstöðvum og bakaríum. Hann

setti svo sjálfur upp smáforrit Stöðvar 2 og RÚV og Sjónvarp Símans og VPN á lykilinn, og seldi þannig til þriðja aðila. Þá gæti fólk horft á dagskrár þessara stöðva í beinu streymi. Margir sem hann væri að aðstoða hefðu sjálfir haft áskrift að þessum stöðvum, og hann hefði aðstoðað það fólk við að setja þær inn á lykilinn, en ekki vildu allir streymisveitu. Áskrift að streymisveitu væri yfirleitt til 12 mánaða og greidd fyrirfram og inni í þeirri áskrift væri m.a. aðgengi að Stöð2. Þessa áskrift hefði hann selt áfram til þriðja aðila. Stefndi sagðist ekki hafa kannað neitt sérstaklega hvort streymisveitur sem hann hefði keypt aðgang að og selt áfram hefðu haft rétt til dreifingar á því efni sem þar mætti nálgast. Kvaðst hann hafa gert ráð fyrir því að svo væri. Aðspurður um það hvaða streymisveitur það væru sem hann hefði verið að áframselja kvaðst hann fyrst hafa selt streymisveituna [...], þar hefði 12 mánaða áskrift kostað 99 evrur. Þá nefndi hann og streymisveituna [...], en það væri mikið til af þessum streymisveitum.

20. Stefndi sagðist ekki vera með áskrift að Stöð 2, en hafa verið það fyrir mörgum árum. Hann kvaðst gera sér grein fyrir því að áskrift að þeirri sjónvarpsstöð kostaði mun meira en áskrift að þessum streymisveitum. Stefndi kvaðst fyrir dómi ekki líta svo á að hann hefði verið að selja áskrift að Stöð2 heldur aðeins aðgang að streymisveitu. Þá kannaðist stefndi við að framlagðar auglýsingar á Facebook stöfuðu frá sér, en þar bauð stefndi áskrift að íslensku IPTV-sjónvarpi, 14800 stöðvum, þar með taldar voru allar sjónvarpsstöðvar á Íslandi, og kvað þar hafa verið um að ræða áskrift að streymisveitunni [...]. Kostaði 12 mánaða áskrift að henni 150–160 evrur og þar væru allar íslensku stöðvarnar innifaldar. Þá hefði stefndi boðið þar upp á áskrift í einn, þrjá eða sex mánuði og 24 tíma prufuáskrift án endurgjalds.
21. Þá kom fram í máli stefnda að hann hefði veitt þessa þjónustu á Spáni, en hann gat ekki tilgreint hversu margir hefðu keypt af honum slíka lykila og aðgengi. Þá kvaðst hann einnig hafa komið til Íslands með lykila og m.a. selt þeim manni er hafði verið í sambandi við stefnanda, er leiddi svo til könnunar málsins.
22. Vitnið A kom fyrir dóminn og kannaðist við að hafa keypt lykil af stefnda á Spáni. Hann hefði frétt að stefndi seldi lykil að öllu sjónvarpi. Hann hefði keypt af honum slíkan kubb fyrir um þremur árum og stefndi komið og sett þetta upp fyrir hann, sett inn RÚV-appið og tengt við netið. Aðgengi að Stöð2 hefði hins vegar verið gegnum streymisveituna. Kvaðst vitnið hafa keypt þetta af stefnda. Stefndi hefði sett inn á kubbinn einhver forrit og vitnið greitt fyrir áskrift í eitt ár í senn. Þá kvaðst vitnið

hafa keypt fleiri kubba af stefnda fyrir aðra í fjölskyldu sinni. Kvaðst vitnið hafa greitt stefnda 30 til 40 þúsund krónur fyrir ársáskrift.

#### *Niðurstaða*

23. Stefnandi, sem er fjölmiðlafyrirtæki sem á og rekur sjónvarpsstöðvar og streymisveitur, kveðst leiða rétt sinn til höfðunar máls þessa af samningum sínum við eigendur þess efnis sem hann dreifir í gegnum áskriftir að stöðvum sínum. Er ekki ágreiningur með aðilum um að sú sé raunin. Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. höfundalaga hefur stefnandi heimild til að höfða einkarefsimál m.a. út af brotum gegn, 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. þeirra, sem og 46. gr., sbr. 3. tl. 1. mgr. 48. gr. höfundalaga, en slík brot, teljist þau sönnuð, geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. og 5. tl. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 73/1972.
24. Stefnandi krefst þess í máli þessu að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir brot á ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972. Heimild til þess að hafa uppi slíka kröfu er að finna í 54. gr. þeirra laga, en samkvæmt því skal því aðeins refsa fyrir brot á höfundalögum að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þá skal refsa fyrir hlutdeild í brotum á sama hátt. Í höfundalögum er ekki kveðið á um sérstaka fresti til höfðunar einkamáls til refsingar vegna brota á lögnum. Gildir því um slíka málshöfðun frestur 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en samkvæmt því fellur heimild til að höfða einkamál til refsingar niður sé mál ekki höfðað áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá sem heimild hefur fékk vitneskju um hinn seka. Stefnandi vísar til upplýsinga sem honum bárust með tölvupósti 10. febrúar 2023 um tilefni málssóknarinnar. Málið var höfðað 25. maí 2023, og því innan framangreinds frests skv. 1. mgr. 29. gr.
25. Refsikrafa stefnanda lýtur að því að stefndi hafi, allt frá 16. desember 2021, gegn betri vitund, brotið gegn höfundarrétti stefnanda með því að selja ótilgreindum fjölda fólks, m.a. gegnum vefsíðuna [...], ólögmetan aðgang að læstri dagskrá sjónvarpsstöðva og streymisveitu stefnanda gegn gjaldi. Stefndi krefst sýknu af þeirri kröfu.
26. Í 2. gr. höfundalaga er kveðið á um einkarétt höfundar á verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breytttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni, sbr. 1. mgr. 2. gr. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. telst verk vera aðgengilegt almenningi þegar 1.) eintök af því eru boðin til sölu, leigu eða láns eða er dreift til almennings á annan hátt, 2.) eintök af því eru sýnd opinberlega 3.) verk er flutt opinberlega. Hugtakið opinber flutningur í framangreindum skilningi telst vera þegar verki er miðlað til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á

meðal þegar það er sent út í útvarpi eða gert aðgengilegt almenningi þannig að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað, á þeirri stundu og með þeim búnaði sem hann sjálfur kys, sbr. 4. mgr. 2. gr.

27. Þá telst verk birt þegar það hefur löglega verið gert aðgengilegt almenningi og gefið út og þegar eintök af því hafa með rétttri heimild verið boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim dreift til almennings á annan hátt, sbr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 9/2016.
28. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 9/2016 um breyting á höfundalögum segir sérstaklega um skilyrði 2. gr., um að rétt heimild skuli liggja fyrir til birtingar eða dreifingar verka, að það skilyrði teljist uppfyllt ef samþykki höfundar eða annars rétthafa liggur fyrir við birtingu verksins eða ef ákvæði II. kafla laganna heimila birtingu án samþykkis höfundar. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 48. gr. höfundalaga er birting í sjónvarpi útvarpsstöðvar í atvinnuskyni eða ávinnings óheimil án samþykkis útvarpsstofnunar.
29. Eins og að framan var lýst hefur stefndi kannast við það fyrir dómi að hafa selt ótilgreindum fjölda fólks aðgengi að streymisveitum þar sem meðal annars læst sjónvarpsefni stefnanda var aðgengilegt. Með því móti gerði stefndi öðrum mögulegt að nálgast það efni, án þess að hann hefði heimild til þeirrar dreifingar. Á þá háttsemi stefnda verður litið sem birtingu efnis í skilningi 2. og 3. gr. höfundalaga.
30. Þrátt fyrir að stefndi hafi ekki getað upplýst hversu mörgum hann hefði selt þennan aðgang kvað hann þjónustu sína hafa spurst út í samfélagi Íslendinga á Spáni, auk þess sem hann sagðist hafa auglýst þessa starfsemi sína. Verður framburður hans fyrir dómi skilinn á þann veg að stefndi hafi stundað þetta frá því fljótlega eftir að hann fluttist til Spánar árið 2019. Þá liggja fyrir í gögnum málsins auglýsingar frá stefnda, sem hann hefur kannast við að stafi frá sér, þar sem hann býður til sölu m.a. aðgengi að öllum áskriftarsjónvarpsstöðvum hér á landi í eitt ár fyrir 150 evrur. Sömuleiðis liggja fyrir í gögnum málsins afrit af samskiptum fjölmargra Íslendinga við stefnda um þessa þjónustu hans, hvað felist í henni og hvað hún kosti. Þá kemur þar og fram að stefndi benti fólki á að mögulegt væri að nýta þetta aðgengi á Íslandi. Hefur hann sömuleiðis greint frá því fyrir dómi að hafa komið með lykila til Íslands og selt hér á landi.
31. Samkvæmt framansögðu hefur stefndi viðurkennt fyrir dómi að hafa viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í stefnu og krafist er refsingar vegna. Þrátt fyrir að stefndi hafi ekki upplýst hversu mörgum hann hefur selt aðgengi að þessu efni

verða framburður hans og framlögð gögn um þessi viðskipti stefnda ekki skilin öðruvísi en svo en að um meira en einhver tilfallandi tilvik hafi verið að ræða, og þessi viðskipti hans varlega áætlað skipt einhverjum tugum. Þá hefur stefndi sömuleiðis viðurkennt að hafa tekið við greiðslum fyrir þessa þjónustu og vitnið A kvaðst fyrir dómi hafa greitt milli 30 og 40 þúsund krónur í einum slíkum viðskiptum við stefnda fyrir um þremur árum. Verður því litið svo á að stefndi hafi stundað þessi viðskipti beinlínis til þess að hafa af þeim fjárhagslegan ávinning.

32. Í stefnu er fullyrt að áskrift að sjónvarpsrásinni Stöð2, sem stefnandi rekur, kosti ein og sér 8.990 krónur á mánuði en með fleiri stöðvum geti áskrift mánaðarlega numið 22.960 krónum. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda. Fyrir dómi kvaðst stefndi hafa gert sér grein fyrir því að áskrift að þeirri sjónvarpsstöð kostaði meira en mánaðaráskrift að streymisveitunni. Í ljósi þess verulega verðmunar sem þar er á og þess mikla fjölda sjónvarpsstöðva sem streymisveitan hafði að geyma gat stefnda ekki dulist að um ólögmeta eða í það minnsta vafasama starfsemi væri að ræða. Hefði sú staðreynd átt að gefa stefnda tilefni til að kanna hvort um lögmeta streymisveitu væri að ræða eða ekki, en það gerði hann ekki. Verður af því dregin sú ályktun að stefndi hafi látið sér þetta í léttu rúmi liggja og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að selja þá streymisveitu áfram og aðstoða fólk, gegn gjaldi, við að nýta sér m.a. áskriftir að sjónvarpsefni stefnanda, sem varið er af höfundalögum. Hefur stefndi ekki teft fram neinum vörnum í málinu sem fá haggð því mati dómsins. Þá hefur stefndi hvorki borið því við að samþykki stefnanda hafi legið fyrir né andmælt þeim staðhæfingum stefnanda að samþykki hans fyrir sölu stefnda á efni stefnanda lægi ekki fyrir, eins og áskilið er í 48. gr., sbr. 46. gr., höfundalaga nr. 73/1972. Þykir framangreind háttsemi stefnda varða við 2., 3., 46. og 1. mgr. 48. gr. höfundalaga. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að stefnda verði gerð refsing fyrir þessa háttsemi sína.
33. Samkvæmt 1. og 5. tl. 2. mgr. 54. gr. höfundalaga varða brot gegn 2. gr. og 1. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 48. gr. höfundalaga sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með háttsemi sinni braut stefndi gegn einkarétti stefnanda sem framleiðanda og dreifingaraðila sjónvarpsefnis til að gera eintök af verki sínu og gera það aðgengilegt almenningi. Sýnt þykir af gögnum málsins að brotin kunni að hafa varðað talsverða fjárhagslega hagsmuni stefnda sem vegna brotsins hefur orðið af tekjum af sölu þessa efnis til viðskiptavina stefnda, en stefndi kannaðist við að hafa stundað þessi viðskipti frá því að hann fluttist

til Spánar 2019 og þar til hann fékk bréf frá lögmanni þar sem skorað var á hann að láta af háttseminni í maí sl. Að framansögðu virtu og með vísan til dóms Landsréttar 20. apríl 2018, í máli nr. 76/2018, þar sem refsing fyrir brot gegn höfundalögum með birtingu tveggja íslenskra sjónvarpsþátta var ákveðin 30 daga skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára, þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, sem bundin er skilorði á þann veg sem í dómsorði greinir, eftir heimild 57. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

#### *Um kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu*

34. Hér að framan hefur því verið slegið föstu að stefndi hafi með ólögætum og saknæmum hætti brotið gegn rétti stefnda samkvæmt ákvæðum höfundalaga. Þrátt fyrir að umfang viðskipta stefnda með höfundarvarið efni stefnanda liggi ekki fyrir verður fallist á það með stefnanda að hann hafi rennt nægilegum stoðum undir það að hann kunni að hafa orðið fyrir tjóni vegna þessarar háttseminni stefnda. Verður því fallist á kröfu stefnda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna ólögætrar dreifingar stefnda á höfundarvörðu efni stefnanda.
35. Eftir þessum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.
36. Tómas Jónsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fyrir stefnda.
37. Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Jón Einar Eysteinnsson, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi stefndi skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Viðurkennt er að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna ólögætrar dreifingar hans á höfundarvörðu efni stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda, Sýn hf., 1.000.000 króna í málskostnað.

Bergþóra Ingólfssdóttir (sign)